

Alþingi
Kirkjustræti
101 Reykjavík

Hornafirði, 25. janúar 2021
nr. erindis 202012063 MÁ

Málefni: Umsögn um frumvarp um Hálandisþjóðgarð

Sveitarfélagið Hornafjörður hefur verið hluti af stjórnkerfi Vatnajökulsþjóðgarðs frá stofnun hans. Þjóðgarðurinn hefur verið mikilvægur sveitarfélaginu hvað varðar aðdráttarafli ferðamanna, atvinnuuppbyggingu og byggðaþróun sem er í samræmi við markmið Vatnajökulsþjóðgarðs. Í dag er mikið samstarf milli þjóðgarðsins og sveitarfélagsins. Sveitarfélagið sendi inn umsögn við drög að frumvarpinu en frumvarpið hefur tekið breytingum frá þeim tíma t.d. er nú suðursvæði sambærilegt því sem nú er og því ber að fagna.

Sveitarfélagið hefur ávallt lagt mikla áherslu á að fulltrúar í svæðisráði séu í góðum tengslum við sveitarstjórn og hefur bæjarstjóri yfrleitt gengt formennsku. Það hefur stutt við starfsemi þjóðgarðsins og samstarf hans við sveitarfélagið. Sveitarfélagið ítrekar þó fyrri umsögn þess efnis að kostnaður af störfum umdæmisráða og þjóðgarðs komi af fjárheimildum Hálandisþjóðgarðs ekki frá viðkomandi sveitastjórnunum.

Samkvæmt 9.gr er þjóðgarðsvörður ráðinn af forstjóra þjóðgarðsins. Sveitarfélagið telur mikilvægt að umdæmisráð fjalli um og komi að ráðningu þjóðgarðsvarða á sínu rekstrarsvæði.

Stjórnunar- og verndaráætlun

Stjórnunar- og verndaráætlun er mikilvægasta stjórn tæki Hálandisþjóðgarðs. Í dag er kveðið á um að stjórnunar- og verndaráætlun skuli send til umsagnar til Náttúrufræðistofnunar og Umhverfisstofnunar. Sveitarfélagið Hornafjörður leggur áherslu á að hún verði einnig send til umsagnar hjá þeim sveitarfélögum sem við á þrátt fyrir aðkomu fulltrúa þeirra að umdæmisráðum áður en hún er auglýst til umsagnar, þannig verði tryggð betri aðkoma sveitarfélaga að skipulagi innan þjóðgarðs. Samkvæmt frumvarpinu hefur ráðherra vald til að gera breytingar á stjórnunar- og verndaráætlunáætlun telji hann að áætlunin fari í bága við lög þessi eða reglugerð um Hálandisþjóðgarð. Komi til þessa ætti að fjalla um hugsanlegar breytingar að nýju í umdæmisráði og stjórn þjóðgarðsins.

Vatnajökulsþjóðgarður - Hálandisþjóðgarður

Við stofnun Hálandisþjóðgarðs mun Vatnajökulsþjóðgarður renna inn í hann miðað við tillögur ráðherra. Nú er Vatnajökulsþjóðgarður á heimsminjaskrá UNESCO og hefur fengið mikla kynningu utan Íslands. Sveitarfélagið Hornafjörður hefur áhyggjur af því

að það muni bitna á þeirri kynningu og stöðu sem þjóðgarðurinn hefur í dag og leggur til að áfram verði svæðið kynnt sem Vatnajökulssvæði þjóðgarðsins. Einnig má benda á að nafnið Hálendisþjóðgarður er ekki lýsandi fyrir stóran hluta svæðisins sem nú tilheyrir Vatnajökulsþjóðgarði sem og önnur svæði sem samkvæmt frumvarpinu verða innan þjóðgarðs.

Fjármögnun þjóðgarðsins

Vatnajökulsþjóðgarður hefur lengi verið undirfjármagnaður og innviðir hans sveltir. Starfsemin hefur vaxið hratt á undanförunum árum og var fjöldi ferðamanna sem heimsótti t.a.m. Jökulsárlón og Skaftafell í kringum 700 og 820 þúsund manns á hvorum stað árið 2019. Langstærsti hluti sértekna Vatnajökulsþjóðgarðs verður til á Suðursvæði og leggur sveitarfélagið áherslu á að þær tekjur verði nýttar til uppbyggingar á svæðinu, enda veldur þessi mikli gestafjöldi álagi á göngustíga og aðra innviði. Búið er að vinna deiliskipulag á Jökulsárlóni og nú er unnið að breytingu á deiliskipulagi í Skaftafelli vegna aukinnar aðsóknar að svæðinu fyrir Covid. Það er mikilvægt að stofnun Hálendisþjóðgarðs skerði ekki það fjármagn sem sett er í uppbygginu og rekstur í Vatnajökulsþjóðgarði og hvetur Sveitarfélagið Hornafjörður Alþingi til að setja nægilegt fjármagn til uppbyggingar innviða sem verði unnin á faglegum forsendum með tilliti til náttúruverndar og umhverfis. Jafnframt er farið fram á að þjóðgarðurinn í samstarfi við Vegagerðina taki ábyrgð á aðkomuvegum að ferðamannastöðum í þjóðgarðinum.

Þá snýr 19.gr frumvarpsins að öryggi gesta. Það er mikilvægt að tryggja aðkomu björgunar- og sjúkrabíla að fjölförnum ferðamannastöðum innan þjóðgarðs og koma upp aðstöðu fyrir viðbragðsaðila þar sem langt er í næstu aðstoð.

Atvinnustarfsemi í þjóðgarði

Atvinnustarfsemi í Vatnajökulsþjóðgarði hefur vaxið hratt. Nú er verið að taka fyrstu skref að innleiðingu atvinnustefnu með gerð samninga við fyrirtæki sem skipuleggja jöklagöngur og íshellaferðir. Sú innleiðing hefur ekki gengið áfallalaust og er nú verið að slípa vinnulagið. Markmið Hálendisþjóðgarðs eru sambærileg núverandi markmiðum Vatnajökulsþjóðgarðs og tekur sveitarfélagið undir þau og ekki síst 5. markmiðið að efla samfélag og styrkja byggð og atvinnustarfsemi í nágrenni þjóðgarðsins. Sveitarfélagið Hornafjörður hefur lagt á það áherslu að heimilt verði að beita þessu markmiði við leyfisveitingar til styrkingar nærsvæðis í samræmi við markmið þjóðgarðsins. Til að svo geti orðið þarf að styrkja lagagrundvöll þess.

Stjórnkerfið og innviðir


Undirrituð hefur aðgang að umsögn frá stjórn Vatnajökulsþjóðgarðs um frumvarpið. Þar er farið yfir stjórnkerfi þjóðgarðsins, sveitarfélagið tekur undir þau sjónarmið sem þar koma fram er varðar það að ferli ákvarðannatöku séu sem allra skýrust strax í upphafi þannig að stjórnkerfið hafi burði til að taka á erfiðum álitamálum. Sveitarfélagið Hornafjörður leggur til að fulltrúar sveitarfélaganna kjósi formann og varaformann umdæmisráðs úr sínum hópi og formaður sitji í stjórn þjóðgarðsins fyrir hönd umdæmissins.

Samkvæmt frumvarpinu eru nýjar háspennulínur í lofti ekki leyfðar innan þjóðgarðs sem veldur áhyggjum af raforkuflutningum milli landshluta. Ekki er boðlegt að aukið verði frekar á mannvirki dreifingar raforku í byggð meðfram suðausturströndinni sem

spillir upplifun og ásýnd stórbrotinnar náttúru sem tilheyrir m.a. Vatnajökulsþjóðgarði og er á heimsminjaskrá Unesco.

Ágreiningur er um stærð fyrirhugaðs þjóðgarðs og hvetur sveitarfélagið til þess að þjóðgarður sé myndaður um þau svæði sem sátt er um en ekki sé farið í landnám þar sem andstaða er við málið. Það er von sveitarfélagsins að breytingar verði gerðar á frumvarpinu í þá átt að umfang þjóðgarðsins sé minnkað á þann veg að ekki sé sett undir land í óþökk sveitarfélaga sem fara með umsjón svæðisins. Frekar sé farið hægar og unnið í sátt og samvinnu við hlutaðeigandi aðila. Með þeirri nálgun er líklegra að sátt náist og þjóðin upplifi þjóðgarðinn sem sína eign en ekki valdbeitingu ríkisins.

Virðingarfyllst, f.h. Sveitarfélagsins Hornafjarðar



Matthildur Asmundardóttir, bæjarsjórn



